

Ed.

383. Framhaldsnefndarálit

[5. mál]

um frv. til laga um ábyrgðarheimildir vegna lántöku Bjargráðasjóðs.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

Á fundi nefndarinnar fjallaði hún um frumvarpið og hina miklu fjárþörf Bjargráðasjóðs. Magnús E. Guðjónsson framkvæmdastjóri Bjargráðasjóðs kom á fundinn og gerði grein fyrir greiðsluáætlun sjóðsins fyrir árið 1980. Í máli hans kom fram að eigi sjóðurinn að geta staðið við þá áætlun þurfi ábyrgðarheimild til lántöku að hækka verulega.

Nefndin flytur því á sérstöku þingskjali breytingartillögu við 1. gr. frumvarpsins, að ábyrgðarheimild vegna lántöku verði 1500 millj. kr. í stað 850 millj. kr. og lánið megi vera verðtryggt miðað við lánskjaravísitölu eða jafngildi 1500 millj. kr. í erlendri mynt.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt með þeirri breytingu sem flutt er á sérstöku þingskjali.

Fjarverandi afgreiðslu málsins var Sigurlaug Bjarnadóttir.

Alþingi, 30. apríl 1980.

Guðmundur Bjarnason,
varaform., frsm.
Ey. Kon. Jónsson.

Kjartan Jóhannsson,
fundaskr.
Guðrún Hallgrímsdóttir.

Davíð Aðalsteinsson.
Lárus Jónsson.